

17. Fundur Umhverfis- og Náttúruverndar- nefndar Skaftárhrepps haldinn á Kirkjubæjarstofu 4.Júní 2015 kl 10:00 til 13:00

Mætt eru Jóna Björk Jónsdóttir Formaður, Jóhannes Gissurason og Sveinn Hreiðar Jensson varamaður í fjarveru Ágúst Leó Sveinssonar sem boðaði forföll.

1. Staða á vinnu í úrbótum á sorpflokkun og gámasvæði.
 - a. Rætt um frekara samtal við Íslensk Gámafélagið um að fá lokaðan gám fyrir spilliefni sem staðsettur yrði á gámasvæði og væri aðgengi takmarkað með því að læsa honum að kveldi og opna hann að morgni.
 - b. Staða á framkvæmd við afmörjun með girðingu gámasvæðisins rædd, málið er í eðlilegu ferli gámasvæði komið fyrir aðalskipulag og kostnaðaráætlun rædd varðandi jarðvegsskiptingu er í vinnslu sem og leitast verður eftir hugmyndum að skipulagningu gámasvæðisins í samstarfi við ÍG.
 - c. Rætt um vankanta á merkingum á flokkunargámum á gámasvæði sem og flokkunartunnum hjá einstaklingum. Tillaga er um að hvetja ÍG til að setja nýja límmiða á tunnur þegar úrgangurinn er hirtur hjá einstaklingum sem og endurmerkja flokkunargáma á gámasvæði einnig er stefnd að setja upp skilti í samstarfi við fyrirtæki sveitarfélagsins þar sem almenningur er hvattur til frekari flokkunar og góðra umgengi.
2. Hugmyndir um hreinsunardag Skaftárhrepps.
 - a. Formanni falið að kanna kostnað við að hafa gáma aðgengilega tímabundið í gömlu hreppum sveitarfélagsins fyrir grófan úrgang s.s. járn og timbur.
 - b. Formanni falið að kanna kostnað við að setja upp litla lokaða gáma í gömlu hreppum sveitarfélagsins fyrir heimilsúrgang með tilliti til sumarbústaðaeiganda.
 - c. Umhverfis- og náttúruverndar-nefnd hvetur íbúa Skaftárhrepps til áframhaldandi umhverfisvitundar.
3. Reglur um tjöldun og næturgistingu í og við þjóðveg nr 1.
 - a. Umhverfis- og náttúruverndar-nefnd mælist til að sveitarstjórn kynni sér hvaða reglur gilda um tjöldun og næturgistingu við þjóðveg nr.1 sem og innan þéttbýlis. Einkunn hefur nefndin áhyggjur af eldhættu í Eldhrauni vegna næturgistingar.
4. Önnur mál.
 - a. Umhverfis- og náttúruverndar- nefnd hvetur sveitarstjórn nú þegar að ganga til samninga við grenjaskyttur sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi veiðitímabil þar sem grenjaveiðitímabilið sé nærri hálfnað.

Fundargerð ritaði Sveinn Jensson.